

Sjálfstæð þjóð. Trylltur skrill og landráðalýður

Bókarhöfundur: **Eiríkur Bergmann**

Bókarheiti: **Sjálfstæð þjóð. Trylltur skrill og landráðalýður**

Gagnrýnandi: **Gunnar Þór Bjarnason**, sagnfræðingur og MA í alþjóðasamskiptum

Útgáfa: **Veröld, Reykjavík 2011, 364 bls.**

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„*Sjálfstæð þjóð* er um margt góð bók. Hún er efnisrík og byggir á umfangsmikilli heimildavinnu. Lesandi getur ekki annað en dáðst að elju höfundar, krafti og hugmyndaudgi. Bókin er líka allvel skrifuð, þægileg aflestrar og margar kaflafyrirsagnir eru vel heppnaðar og grípandi. Engum, sem á annað borð hefur áhuga á þjóðmálum, ætti að leiðast lesturinn. Viðfangsefnið er líka þýðingarmikið og bókin í heild þarft framlag til umræðu um tengsl Íslands við umheiminn. En fullyrðingar bókarhöfundar eru ekki allar jafn sannfærandi og sumar ályktanir orka tvímælis. Einkum er það umfjöllun hans um fullveldið og sjálfstæðisbaráttuna sem vekur spurningar og kallar á frekari umræðu.“

Þjóðin, fullveldið og sjálfstæðisbaráttan

Megintilgangur Eiríks Bergmanns með ritun *Sjálfstæðrar þjóðar* var „að greina áhrif þjóðernishugmynda á strauma og stefnur í íslenskum stjórnámálum á lýðveldistímanum – og sér í lagi þann grunn sem utanríkisstefna íslenskra stjórnvalda hvílir á“ (bls. 15). Ekki síst vakti fyrir höfundi að athuga „hvort og þá hvernig arfleifð og orðræða sjálfstæðisbaráttunnar hefur haft áhrif á utanríkistengsl Íslands.“ Eiríkur spyr „hvort verið geti að sérstakar hugmyndir sem þróuðust í sjálfstæðisbaráttunni um fullveldi þjóðarinnar skýri best utanríkisstefnu íslenskra stjórnvalda,“ og „hvort rótfastar og íhaldssamar hugmyndir um fullveldi þjóðarinnar móti enn afstöðu Íslendinga til stjórnámála álitamála, sérstaklega þegar kemur að tengslunum við útlönd“ (bls. 26).

Aðferð höfundar er að greina nokkrar „umrædulotur“ um tengslin við útlönd. Fyrst er fjallað um aðildina að NATO 1949, síðan umræður á 6. áratugnum um fríverslun í Evrópu og aðildina að EFTA áratug síðar, rimmuna um EES á árunum um 1990 og deilur um aðild að Evrópusambandinu á fyrsta áratug 21. aldar. Þá er því lýst hvernig „hugmyndin um yfirburðþjóðina“ (bls. 251) birtist í mörgum ræðum og skýrslum á fyrstu árum 21. aldar, ekki síst orðum forseta Íslands. Í framhaldi af því færir höfundur rök fyrir því að hin upphafna þjóðernisorðræða útrásartímans hafi lifað efnahagshrunið af. Loks er rætt um skiptar skoðanir á aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir bankahrunið og deilurnar um Icesave.

Í bókinni er einnig að finna fræðilega úttekt á hugtökunum *þjóð* og *fullveldi* og byggir hún að miklu leyti á köflum í doktorsritgerð höfundar frá árinum 2009, „*Híð huglæga sjálfstæði þjóðarinnar*“ – ábrif *þjóðernishugmynda á Evrópustefnu íslenskra stjórnvalda*. Margt annað í bókinni er reyndar sótt í doktorsritgerðina en drjúgur hluti hennar er einmitt greining á umræðum um þátttöku Íslendinga í Evrópusamrunanum. Þar er líka sérstakur kafli um þjóðernishugmyndir Íslendinga en um það fjallar höfundur í fyrsta hluta þessarar bókar undir heitinu „Hinn dýri arfur“. En viðfangsefni *Sjálfstæðrar þjóðar* er víðfeðmara en efni doktorsritgerðarinnar, efnistöð önnur og framsetning öll alþýðlegri. Hún er ætluð hinum almenna lesanda enda segir höfundur neðanmáls í byrjun fræðilegasta kafla bókarinnar að þeir sem ekki hafi áhuga á slíku geti bara sleppt þessum kafla og snúð sér beint að næsta kafla! (bls. 259)

Meginniðurstöður bókarhöfundar eru þær að „þjóðernishugmyndir úr sjálfstæðisbaráttunni“ geti skýrt „íhaldssama afstöðu stjórnvalda til utanríkismála almennt og tregðuna í Evrópusamstarfi sérstaklega“ (bls. 289). Þjóðernisstefnan móti enn íslensk stjórnsmál og þótt efnahagslegum rökum hafi oft verið beitt í umræðum um utanríkismál, einkum Evrópumál, hafi „þjóðernisrökin“ ætíð verið „grundvöllur umræðunnar“ (bls. 296). „Orðræða sjálfstæðisbaráttunnar hefur með skýrum hætti skilað sér inn í umræður um flestöll utanríkismál á Íslandi“, segir höfundur (bls. 296) og allar götur frá því á 19. öld hafi „fullveldi þjóðarinnar verið eins konar grundvöllur stjórnsmálaumræðna á Íslandi“ (bls. 294). Efnahagsleg rök hafi oft og tíðum verið þjóðernisrök í dulargervi og sjávarútvegurinn orðið „að eins konar táknmynd fyrir frjálsa og óháða íslenska þjóð“ (bls. 309).

Sjálfstæð þjóð er um margt góð bók. Hún er efnisrík og byggir á umfangsmikilli heimildavinnu. Lesandi getur ekki annað en dáðst að elju höfundar, krafti og hugmyndaugði. Bókin er líka allvel skrifuð, þægileg aflestrar og margar kaflafyrirsagnir eru vel heppnaðar og grípandi. Engum, sem á annað borð hefur áhuga á þjóðmálum, ætti að leiðast lesturinn. Viðfangsefnið er líka þýðingarmikið og bókin í heild þarft framlag til umræðu um tengsl Íslands við umheiminn. Tilvitnanir í bókinni eru mýmargar og höfundur er fundvís á gullkorn sem hrotið hafa af vörum manna. Gildi bókarinnar felst ekki síst í því að halda þeim rökum til haga sem beitt hefur verið í umræðum um Ísland, Evrópusamrunann og utanríkismál á lýðveldistímanum.

Enginn vafi er á því að þjóðernishugmyndir hafa verið og eru enn mótandi afl í íslenskum stjórnsmálum, eins og glögglega er sýnt fram á í bókinni *Sjálfstæð þjóð*. En fullyrðingar bókarhöfundar eru ekki allar jafn sannfærandi og sumar ályktanir orka tvímælis. Einkum er það umfjöllun hans um fullveldið og sjálfstæðisbaráttuna sem vekur spurningar og kallar á frekari umræðu.

„Í þjóðernisstefnunni sem mótaðist í sjálfstæðisbaráttunni á nítjándu öld má jafnvel finna sjálfan kjarnann í stjórnsmálum landsins,“ segir Eiríkur (bls. 24). Þetta er hraustlega mælt. Vissulega skaut hugmyndafræði þjóðernishyggiunnar rötum hér á landi á 19. öld og hún lifir enn góðu lífi. En hugmyndir manna mótuðust í takt við breytta tíma. Þegar rétt er um orðræðu eða orðræðuhefð sjálfstæðisbaráttunnar, eins og Eiríkur Bergmann gerir oft í bókinni, má ekki gleyma því að sjálfstæðisbaráttan stóð í nærfellt heila öld. Venjan er að líta svo á að hún hefjist með baráttunni fyrir „endurreisn“

Alþingis um 1830 og ljúki þegar Ísland varð fullvalda ríki árið 1918. Stjórn málaumræða þessa langa tímabils verður ekki öll sett undir sama hatt. Langur vegur var á milli hugmynda Fjölnismanna á 4. áratug 19. aldar og þeirra manna er stóðu í stafni á loka-spretti sjálfstæðisbaráttunnar. Hver nákvæmlega var orðræða sjálfstæðisbaráttunnar? Er átt við Jón Sigurðsson og stjórn málahugmyndir hans? Eða Fjölnismenn? Eða landvarnarmenn eftir aldamótin 1900? Eða eru það þær hugmyndir sem Jón J. Aðils og Jónas frá Hriflu smíðuðu á fyrstu tveimur áratugum 20. aldar? Eigum við kannski að líta svo á að orðræða sjálfstæðisbaráttunnar sé öll umræða á þessu langa tímabili sem fól í sér kröfu um meiri sjálfstjórn og sjálfstæði og skírskotaði til þjóðernis og þjóðréttinda?

Hættan sem felst í alhæfingum um sjálfstæðisbaráttuna kemur glöggt í ljós þegar lítið er á fullveldishugtakið og kröfu Íslendinga um að Ísland yrði viðurkennt sem fullvalda ríki. Eins og Eiríkur bendir á þá eru tvær hliðar á fullveldi, innri og ytri (270–271). Með innra fullveldi er lítið til innanlandsstjórnar en þátttöku í samstarfi ríkja með ytra fullveldi. Ekki þarf lengi að lesa í heimildum frá 19. öld til að komast að því að það var innra fullveldi sem Íslendingar sóttust eftir; þeir vildu ráða sjálfir sínum eigin málum (sér máluum). Stefnan var ekki sett á ytra fullveldi, það var fyrir utan sjóndeildarhring forkólfa sjálfstæðisbaráttunnar á 19. öld. Það sést best á því að utanríkismál voru ekki á dagskrá stjórn málabaráttunnar. Það var ekki fyrr en í átökunum um uppkastið 1908 sem Íslendingar byrjuðu að ræða utanríkismál af alvöru. Á 19. öld veltu menn í raun aldrei fyrir sér ríkjasamskiptum við aðrar þjóðir enda gerði Jón Sigurðsson alltaf ráð fyrir því að Íslendingar og Danir hefðu ýmis mál sameiginleg. Hann sá Ísland ekki fyrir sér sem sérstakt ríki og talaði aldrei um fullveldi þjóðarinnar, aldrei. Oftast notaði Jón hugtakið „sjálfsforræði“ og það var ekki það sama og við köllum fullveldi. Sjálfstæðisbarátta 19. aldar snerist að langmestu leyti um sér málin. Fullveldishugtakið sjálfstórmaði ekki inn í íslenska stjórn málasögu fyrr en eftir að heimastjórn komst á 1904. Eiríkur segir að á þjóðfundinum 1851 hafi kröfur Íslendinga legið fyrir: „Ísland skyldi verða frjálst og fullvalda ríki“ og upp frá því hafi stefnan verið skýr og hvergi frá henni hvikað (bls. 33 og 41). Þetta stenst vart skoðun. Í besta falli er með þessu dregin upp ákaflega einfölduð mynd af sjálfstæðisbaráttunni. Það er villandi, ef ekki beinlínis rangt, að nota fullveldishugtakið, eins og við skiljum það nú, um sjálfstæðisbaráttu 19. aldar.

Sjálfstæðisbarátta Íslendinga var margbrotin. Hún var, eins og Eiríkur bendir réttilega á (bls. 39), samofin endurreisn landsins en snerist líka um menntun og menningu, samskipti við aðrar þjóðir og fleira. Eiríkur gerir töluvert úr íhaldssemi íslenskra þjóðvina á 19. öld og vísar um það til skrifa Guðmundar Hálfðanarsonar. Í bókinni segir að hugmyndir um frelsi einstaklingsins hafi ekki náð „rótfestu hér á landi með sama hætti og annars staðar í álfunni,“ og að Íslendingar hafi ekki haft áhuga á „að koma á verslunarfrelsi eða öðrum þjóðfélagsháttum í anda frjálslyndis“ (bs. 44–45). Vissulega óttuðust margir bændur lausung og sjálfræði alþýðufólks og áttu erfitt með að sjá út fyrir ramma gamla bændasamfélagsins. En það er ekki öll sagan. Í bændum toguðust á félagsleg íhaldssemi og framfaralöngun og erfitt er að fallast á þá skoðun að Íslendingar hafi verið alveg sér á báti í íhaldssemi sinni.

Einnig orkar það tvímælis þegar fullyrt er að á 19. öld hafi Íslendingar í raun litið svo á að sjálfstæðisbaráttan væri „án hliðstæðu við þá þróun sem átti sér stað annars staðar“ (bls. 31). Menn hafi hampað íslenska þjóðveldinu sem fyrirmynd, horft til fortíðar en ekki frelsisbaráttu annarra þjóða. Var það svo í raun? Voru ekki íslenskir stúdentar í Kaupmannahöfn, þar á meðal frumherjar sjálfstæðisbaráttunnar fyrir miðja 19. öld, á kafi í erlendum samtímaviðburðum? Erlendar fréttir eru fyrirferðamiklar í íslenskum blöðum á 19. öld og Hafnarstúdentar skrifuðu á hverju ári langan fréttabálk um erlend tíðindi í *Skírni*. Sá sem það les hlýtur að efast um að það hafi verið almennt viðhorf hér á landi að sjálfstæðisbarátta Íslendinga hafi verið alveg einstök í sinni röð. Það að menn litu á þjóðveldistímamann sem blómaskeið í sögu landsins þýðir ekki að þeir hafi verið hálfblindir á skyldleika sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og annarra þjóða.

„Arfleifð sjálfstæðisbaráttunnar var meðal annars sú að Íslendingar hafa lagt ríkari áherslu á fullveldi þjóðarinnar sem heildar en á frelsi einstaklingsins til athafna innanlands,“ segir Eiríkur Bergmann. Jafnframt hafi fullveldiskrafan oft og tíðum falið í sér „óttu við erlend áhrif“ (bls. 296). Aðalhöfundar að söguskoðun sjálfstæðisbaráttunnar hafi verið Jón J. Aðils (alþýðufyrirlestrar á fyrsta áratug 20. aldar) og Jónas Jónsson frá Hriflu (kennslubækur í Íslandssögu 1915/16). Þeir hafi fest í sessi „godsögnina“ um sérstöðu þjóðarinnar og fullveldið „sem öllum þjóðhollum mönnum beri að standa sífellda varðstöðu um af ótta við að glata sjálfstæðinu enn á ný undir erlent yfirvald og steypa þjóðinni þar með aftur í glötun“ (bls. 20). Hér skal ekki gert lítið úr áhrifum þeirra féлага á söguskoðun Íslendinga. En skrif þeirra má ekki nota sem heimild um viðhorf fólks á 19. öld. Þeir voru ekki heldur allir þar sem þeir voru séðir.

Á árinu 1913, eða skömmu áður en Jónas frá Hriflu hófst handa við ritun hinna áhrifamiklu kennslubóka sinna í Íslandssögu, skrifaði hann: „Það sem ræður gæfu og gengi manna og þjóða, er ekki hin skrifuðu stjórnarlög, heldur vitið og siðgæðið, sem í mönnum býr. Finnar eru meiri og sælli þjóð en Rússar, af því að einstaklingarnir eru fullvalda, þótt þjóðin sé það ekki. Nýlendur Breta standa frammar flestum fullvalda löndum, af því að íbúarnir trú á framtíð sína, starfa, bæta kjör sín og skapa sér lífvænlegt þjóðfélagsform.“ Jónas talaði líka af fyrirritningu um „forms Glamrið“ og kröfuna um „pappírssjálfstæði“ sem honum fannst tröllríða íslenskum stjórnámálum um þetta leyti. (Jónas Jónsson frá Hriflu, *Komandi ár III. Vordagar*, Rvík 1939, bls 212–215. Grein sem birtist upphaflega í *Skeifaxa* 1913 undir heitinu „Form og veruleiki“). Þessi orð ríma ekki alls kostar við fullyrðingar Eiríks Bergmanns um þá ofuráherslu á fullveldi þjóðarinnar sem Jónas hafi öðrum mönnum fremur átt þátt í að innprenta þjóðinni. Seinna varð Jónas ákafur talsmaður nánari tengsla Íslands við aðrar þjóðir, einkum Breta og Bandaríkjamenn („Leifslínan“). Það er ekki til marks um ótta við útlendinga og erlend áhrif.

Jón J. Aðils tók virkan þátt í stjórnámálabaráttu heimastjórnaráranna samhliða því að stunda sagnfræðirannsóknir og flytja hina rómuðu alþýðufyrirlestra sína. Hvar skipaði þessi „áhrifamesti höfundur“ godsagnarinnar um íslenskt þjóðerni (bls. 35) sér í lið á vettvangi stjórnámálanna? Hefði ekki mátt ætla að hann hefði lagt lóð sín á vogarskálarnar með þeim sem róttækastir voru í sjálfstæðismálinu? Svo var þó ekki.

Ein höfuðrök andstæðinga Hannesar Hafsteins í baráttunni um uppkastið 1908 voru þau að uppkastið tryggði ekki fullveldi þjóðarinnar. En hinn heiti þjóðernissinni og goðsagnahöfundur Jón J. Aðils lét fullveldistal uppkastsandstæðinga sem vind um eyru þjóta og sagði blátt áfram að með uppkastinu fengju Íslendingar öllum grundvallarkröfum sínum framgengt. Hann lagðist sem sagt á sveif með þeim mönnum sem vildu fara sér hægt sjálfstæðismálinu; ýtrustu kröfur um fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar voru ekki ær hans og kýr. Ritdómari er einnig þeirrar skoðunar að Jóni Aðils sé gert rangt til með því að segja hann höfund kenningar um eðlislæga yfirburði íslensku þjóðarinnar (bls. 252). Við lestur rita hans sést að minnsta kosti glöggt að hann kemst ekki með tærnar þar sem forseti Íslands og aðrir höfðu hælana í upphafningu þjóðarinnar á útrásartímanum.

Dæmin af Jónasi frá Hríflu og Jóni J. Aðils sýna að arfur sjálfstæðisbaráttunnar er ekki jafn einsleitur og ætla mætti við lestur *Sjálfstæðrar þjóðar*. Söguskoðun sjálfstæðisbaráttunnar, sem Eiríkur Bergmann kallar svo, verður ekki felld inn í einfalda mynd. Þeir, sem dáðust að „gullöld“ Íslendinga og vildu glæða þjóðernisást landsmanna og efla íslenska menningu, voru fjarri því að vera alltaf fastir í fullveldishugmyndum og uppfullir af ótta við útlendinga. Og óvíst er að þeir sem nú á dögum hafa hæst um fullveldi finni sína bestu bandamenn og skoðanabræður í forkólfum sjálfstæðisbaráttunnar.